

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSA haldinn 25. október 2024

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 11:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Puríður Lilly Sigurðardóttir, Eypór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson og Axel Örn Sveinbjörnsson. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri, ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð SSA [nr. 4](#) (til kynningar)

2. Umsagnir

Framkvæmdastjóri fór yfir þær umsagnir sem unnar hafa verið á milli stjórnarfunda og svaraði spurningum stjórnar. Eftirfarandi umsagnir voru unnar á milli stjórnarfunda:

- Umsögn um fjárlög.
- Umsögn um málefni þýðingarmiðstöðvar fjármálaráðuneytisins - unnin með FV og SSNE.
- Umsögn um stefnumótun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar til 2035 - unnin í nafni Austurbrúar.
- Sameiginleg umsögn allra landshlutasamtaka á landsbyggðunum vegna niðurskurðar fjármagns til sóknaráætlunar og atvinnuráðgjafar á landsbyggðunum.

3. Kynning á minnisblaði um ráðstöfun dýraleifa

- Framkvæmdastjóri sagði frá tilurð minnisblaðsins og helstu niðurstöðum þess. Málinu frestað til næsta fundar en stjórn þarf að taka afstöðu til þess hvort og hvernig SSA beiti sér í þessum málum.

4. Fundur um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Ofanflóðasjóð

- FV/Vestfjarðastofa sendi fulltrúa fyrir hönd landshlutasamtakanna á fundinn. Stjórn ræddi innihald skýrslunnar stuttlega og telur mikilvægt að sveitarfélög á Austurlandi, þar sem skriðuhætta er fyrir hendi, fylgist vel með framgangi málsins.

5. Drög að samningi um sóknaráætlun og skipting framlaga ríkisins

- Framkvæmdastjóri sagði frá drögnum en samningurinn sem liggur fyrir er sambærilegur fyrri samningum. Framkvæmdastjóri vinnur málið áfram á milli funda.
- Framkvæmdastjóri sagði auk þess frá samningi Austurbrúar við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og stöðuna á honum.

6. Fundur EES og EFTA

- Formaður var tilnefndur á stjórnarfundum SSA 17. maí sl. (21. fundur) til að sækja þennan fund en beiðni kom fyrir á þessu ári að SSA myndi tilnefna fulltrúa í sveitarstjórnarvettvang EES/EFTA. Þar sem formaður kemst ekki á fundinn sem haldin verður í lok nóvember var ákveðið að SSA sendi ekki fulltrúa að þessu sinni.

Mál til kynningar og umræðu eftir atvikum:

7. Samráðsgátt

- [17 mál](#) í samráðsgátt.

8. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SASS, fundur [nr. 613](#) og [nr. 614](#)
- SÍS, fundur [nr. 952](#)
- SSH, fundur nr. [585](#), [nr. 586](#), [nr. 587](#).
- Fjórðungssamband Vestfirðinga, fundur [nr. 63](#)

9. Önnur mál

- ES hóf umræðu um hvort rétt væri að landshlutasamtökin á landsbyggðinni gerðu með sér landsbyggðarsáttmála um samgöngumál sambærilegum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Stjórnarmenn tóku undir með ES og sammála um að stjórn SSA vinni málið áfram á milli funda.

Fundi slitið kl. 11:55.

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eyþór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson